



Umhverfisnefnd
Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/519
komudagur 16.12.2008

Reykjavík, 16. desember 2008

Efni: Umsögn Bændasamtaka Íslands um frumvarp til breytinga á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum.

Þskj.229 -186.mál.

Tilv: 2008120011

Meðal stefnumála Bændasamtaka Íslands er að stuðla að dýravernd og fagna samtökin því lagabótum sem miða einkum að aðgerðum til að skerpa á hlutverki tilraunadýranefndar og tryggja að hún fái fjármuni til að geta sinnt því hlutverki.

Í fylgiskjali með frumvarpinu eru vísbendingar um áætlaðan kostnað sem erfitt er að meta þar sem ekki liggur fyrir hvers eðlis hin ýmsu leyfi eru, svo og hver eru ný ár hvert og hver endurnýjuð. Þá er ekki ljóst hvernig áformað er að haga eftirlitinu. Miðað við aðeins 30 leyfi til dýratilrauna á ári virðist áætlaður kostnaður af starfi nefndarinnar hár.

Nú er rétt að hafa í huga að tilraunir í landbúnaði eru einkum búskapartilraunir sem fela t.d. í sér mismunandi fóðrun, beit og aðbúnað, vöktun á atferli og mælingu afurða, án þess að valda fénaði andlegu eða líkamlegu álagi. Öðru máli gegnir í þeim tilvikum þar sem beitt er skurðaðgerðum og lyfjameðferð sem getur haft töluverð áhrif á velferð dýranna, svo sem við sjúkdómarannsóknir og lífeðlisfræðilegar tilraunir á sérhæfðum tilraunastofum. Því benda Bændasamtök Íslands á að gera þurfi skýran greinarmun á þeim áhrifum sem hinar ýmsu tilraunir kunna að hafa á dýrin, hvers eðlis meðferðin er, hve þörfin fyrir þjálfun starfsmanna er mikil og hversu umfangsmikils eftirlits með leyfishöfum er þörf í hverju tilviki. Þannig verði dýraverndarsjónarmið virt án íþyngjandi kostnaðar við veitingu leyfa og eftirlit.

Í c-lið 1.gr. er kveðið á um heimild ráðherra til að setja reglugerð um hlutverk um störf tilraunadýranefndar o.fl. og telja Bændasamtök Íslands brýnt að hagsmunaaðilar fái að koma sjónarmiðum sínum á framfæri fyrir setningu hennar.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Ólafur R. Dýrmundsson

Alþingi
Erindi nr. P 136/478
komudagur 15.12.2008



Sturlugata 8

IS-101 Reykjavík

Iceland

Phone: +354 570 1900

Fax: +354 570 1903

www.decode.com

Umhverfisnefnd Alþingis
b.t. Helga Hjörvar, formanns
Skrifstofa Alþingis
150 Reykjavík

Reykjavík 12. desember 2008

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994, með síðari breytingum, 186. mál .

Íslensk erfðagreining hefur kynnt sér frumvarpið og gerir ekki athugasemdir við það.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Kári", followed by a long, sweeping horizontal line that extends to the right.

Kári Stefánsson, forstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 136/477
komudagur 15.12.2008

Nefndasvið
Umhverfisnefnd Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. desember 2008
2008120009/42-1-1
TB
jgó/tb

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd

Vísað er í tölvupóst frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 10. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd nr. 15/1994, 186. mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



16.12.2008

Umhverfisnefnd Alþingis

Breyting á lögum um dýravernd, 186. mál

Megin tilgangur þessarar lagabreytingar virðist vera að tryggja lagastoð fyrir aukinni gjaldtöku af þeim sem nota tilraunadýr í rannsóknarskini. Í dag er allt eftirlit með dýratilraunum og aðstöðu fyrir tilraunadýr hjá héraðsdýralækni. Er innheimt sértsakt gjald vegna þessa eftirlits. Í breytingartillögunum er gert ráð fyrir að við bætist eftirlit tilraunadýranefndar og gjaldtökuheimild vegna þessa eftirlits. Hér með er mótmælt þeim auknum álögum á þá sem stunda dýratilraunir sem þessar breytingatillögur hafa í för með sér. Lagt er til að eftirlit héraðsdýralæknis verði fellt niður. Aðrar breytingar sem þetta lagafrumvarp hefur í för með sér lúta flestar að því að taka inn í lögín ákvæði sem nú eru í reglugerð. Tel ég það heldur til bóta.

með kveðju

Eggert Gunnarsson
Umsjónardýralæknir tilraunadýrahalds á Keldum
og umsjónardýralæknir allra dýratilrauna innan Háskóla Íslands.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Samtök iðnaðarins

Alþingi
Umhverfisstofnun
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. p 136/518
komudagur 16.12.2008

Reykjavík 15. des. 2008

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravernd, nr. 15/1994 með síðari breytingum, 186. mál.

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins leggja eindregið gegn þeirri lagabreytingu sem í frumvarpi þessu flest. Með frumvarpinu er ætlunin að fela tilraunadýranefnd nýtt og viðamikil hlutverk. Í stað þess að vera einungis aðili sem veitir leyfi fyrir tilraunadýrahaldi er nú gert ráð fyrir að fela nefndinni eftirlitshlutverk sem hingað til hefur verið í höndum héraðsdýralækna samkvæmt 22. gr. reglugerðar nr. 279/2002 um dýratilraunir. Í athugasemdum við frumvarpið er tekið fram að ekki sé gert ráð fyrir að dregið verði úr eftirliti héraðsdýralækna. Hér er því um hreina viðbót að ræða með tilheyrandi tvíverknaði og aukakostnaði á rannsóknar- og þróunarstarf í landinu.

Athygli vekur ósamræmi milli laga nr. 15/1994 um dýravernd og reglugerðar nr. 279/2002. Umhverfisstofnun hefur eftirlit með lögum um dýravernd skv. 2. mgr. 17. gr. laganna en samkvæmt áður nefndri 22 gr. reglugerðar nr. 279/2002 er eftirlitið í höndum héraðsdýralækna. Verði tilraunadýranefnd bætt við sem eftirlitsaðila er eftirlitið orðið þrefalt með sömu starfsemi.

Umsagnaraðilar leggja til að Umhverfisstofnun verði falið að annast leyfisveitingar og eftirlit með tilraunadýrum en sé talin sérstök ástæða til getur verið eðlilegt að leita umsagnar tilraunadýranefndar eða sérfróðra aðila á því sviði.

Samtökin leggja eindregið gegn því að verið sé að fela nýjum aðilum eftirlitshlutverk með atvinnustarfsemi en því fylgir augljós kostnaður sem engin ástæða er til að stofna til. Miklu nær er að fela þeirri stofnun sem þegar sinnir meginhlutverki á þessu sviði verkofnið.

Umsagnaraðilar telja að hér sé kærkomið tækifæri fyrir löggjafarvaldið til að einfalda regluverk leyfisveitinga og stíga lítið en mikilvægt skref á vegi einfaldari stjórnsýslu.

Virðingarfyllt,

Samtök iðnaðarins

Samtök atvinnulífsins